



---

# Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 7. febrúar 2018



## Tólfti fundur 60. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 7. febrúar 2018 kl.12.00

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Hjalti Þór Hreinsson, Hjördís Guðmundsdóttir og Jakob Sigurðsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Guðjón L. Sigurðsson og Þorbergur Aðalsteinsson

Fjarverandi: Enginn

### Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Málafni A landsliðs karla  
GBO fór yfir ferilinn varðandi ráðningu á landsliðsþjálfara karla og hvernig þau mál þróuðust í viðræðunum. Stjórn lýsti yfir ánægju með ráðninguna en þakkar jafnframt Geir Sveinssyni fyrir samstarfið.
3. Fjármál  
AP kynnti stöðu sambandsins og spá hvað varðar ársreikning. Staðan er þung og ljóst að það þarf að halda vel á spilunum. Tap var á rekstri sambandsins 2017. Aukinn þungi verður lagður núna í fjáröflun.
4. Meetoo  
DBG kynnti þá vinnu sem laganevnd HSÍ hefur hafið og niðurstöðu fundar ÍSÍ. Skipaður hefur verið starfshópur á vegum menntamálaráðuneytinu sem að skila af sér í mars og ljóst að niðurstaða hans verður mótandi fyrir íþróttahreyfinguna. Laganevnd HSÍ mun halda áfram vinnu og er markmiðið að skila af sér fyrir ársþing HSÍ.
5. Önnur mál
  - a. Kvörtun frá Fylki gegn Val  
Hkd. Fylkis sendi inn kvörtun að hkd. Vals hafi rætt ólöglega við leikmann Fylkis. Valur sendi inn greinargerð í málinu. Stjórn HSÍ lítur svo á að ábyrgðin liggur hjá Val og því er niðurstaðan sú að Hkd. Vals er sektað í samræmi við verklagsreglur.
  - b. Forkeppni u-20 ára landsliðs kvenna  
Vinna er hafin við undirbúning við forkeppni u-20 ára landsliðs kvenna. Fundur verður með landsliðsnefnd öðrum hvorum megin við næstu helgi. Yngri landslið kvenna munu sjá um sjoppur fram á vorið.
  - c. Formannafundur og ársþing HSÍ  
RG lagði til að formannafundur yrði haldinn í febrúar. Ársþing HSÍ er fyrirhugað 28.apríl nk.

Næsti fundur stjórnar HSÍ er miðvikudaginn 7. mars kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari